


Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd  
Sendandi: Viðskiptanefnd   
Dagsetning: 9. desember 1999  
Málsnúmer: IVR199900136  
Bréfalykill: 51.010

Efni: Umsagnir um frumvarp um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

Viðskiptaráðuneytið hefur farið yfir umsagnir um frumvarp um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Ein athugasemd barst frá Samtökum fjármálafyrirtækja og laut hún að samskiptum Fjármálaeftirlits og samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila í tengslum við skýrslu um álagningu næsta árs. Ráðuneytið mælir með að komið verði til móts við þær óskir um tímasetningar og málsmeðferð sem Samtök fjármálafyrirtækja leggja til. Orðalagi síðari málsliðar verði hins vegar breytt.

Tillaga ráðuneytisins er þessi.

2. mgr. 2 gr. orðist svo:

Skýrslu Fjármálaeftirlitsins skal fylgja álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs ásamt afgreiðslu stjórnar stofnunarinnar á því álit. Til að samráðsnefndin geti gefið álit sitt skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 15. ágúst sendi henni upplýsingar um áætlað rekstrarumfang ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum.

Ráðuneytið styður það sjónarmið sem fram kemur í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja að fram skuli fara endurskoðun á gjaldaákvæðum að því er varðar álagningarhlutföll og álagningarstofna fyrir 1. janúar 2002.